



Jafnréttisstofa

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfoss

Akureyri, 7. nóvember 2023
2311005 ÚJÁP

Efni: Heimild til að nota jafnlaunamerkið - endurnýjun

Jafnréttisstofa hefur mótttekið póst frá BSI á Íslandi, dags. 2.11.2023, með afriti af nýju vottunarskírteini með nýjum gildistíma fyrir Flóahrepp.

Heimild til að nota jafnlaunamerkið er hér með endurnýjuð og gildir í jafn langan tíma og vottun eða til 30.11.2026.

Með bréfi þessu fylgir jafnlaunamerkið með uppfærðu ártali ásamt stílbók með leiðbeiningum um notkun jafnlaunamerkisins.

Meðfylgjandi eru einnig reglur um notkun jafnlaunamerkisins.



Katrín Björg Ríkarðsdóttir
framkvæmdastjóri



Jafnréttisstofa

Akureyri, 10. nóvember 2023
2311024 KBR

Efni: Ábending til sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla

Nú þegar all nokkur sveitarfélög eru með í bígerð að breyta útfærslum á dvalartíma barna í leikskólum og gjaldskrám þeim tengdum vill Jafnréttisstofa vekja athygli sveitarfélaga á eftirfarandi:

Ákvarðanir sveitarfélaga skulu byggja á þeim skyldum sem fram koma í 13. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnsýslu jafnréttismála. Þar segir að sveitarfélög skuli setja sér áætlanir um jafnréttismál „þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfum fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfmannamálum...“

Kynja- og jafnréttissjónarmið skv. 7. tölulið 2. gr. laga nr. 150/2020 fela í sér að „stefnumótunarferli er skipulagt, bætt, þróað og lagt á það mat þannig að sjónarhorn jafnréttis kynja sé á öllum sviðum fléttuð inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.“

Til þess að unnt sé að fléttu kynja- og jafnréttissjónarmið í stefnumótun og þar með ákvarðanatöku þarf að afla nauðsynlegra gagna sem varpað geta ljósi á áhrif sem verða á ólíka hópa, í þessu tilviki, foreldra leikskólabarna.

Sú þjónusta sem sveitarfélöginn veita með rekstri leikskóla er afar mikilvæg og jafnframt viðkvæm fyrir öllum breytingum. Sveitarfélöginn þurfa því sérstaklega að horfa til þess hvaða áhrif breytt ráðstöfun fjármagns getur haft og hvort hún geti t.d. falið í sér óbeina mismunun eða ýtt undir hefðbundin kynjahlutverk með tilheyrandi afleiðingum.

Til þess að sveitarfélöginn geti byggt ákvarðanir sínar á vel ígrunduðum og undirbyggðum forsendum bendir Jafnréttisstofa á að gagnlegt er að gera greiningar út frá eftirfarandi spurningum:

- Hefur farið fram mat á áhrifum á ólíka hópa foreldra, út frá t.d. kynjasjónarmiði, þjóðerni, hvort um er að ræða einstæða foreldra eða foreldra í sambúð?
- Hefur verið lagt mat á það hvaða hópar eru líklegastir til að nýta eingöngu 6 tíma leikskóladvöl?
- Hefur verið lagt mat á það hvaða hópar eru líklegastir til að kaupa viðbótartíma?



Jafnréttisstofa

- Hefur verið lagt mat á það hvort vinnutímastytting á við hjá öllum foreldrum leikskólabarna?
- Hefur verið lagt mat á það hvort líkur eru á því að mæður fremur en feður minnki við sig starfshlutfall til að þurfa ekki að greiða fyrir viðbótartíma?
- Hefur verið lagt mat á það hvaða áhrif ákvörðunin hefur á stöðu foreldra á vinnumarkaði?

Fjölmargar rannsóknir hafa dregið fram ólika stöðu kynjanna í samfélaginu. Nýlega sýndi Þjóðarpúls Gallup fram á ójafna og kynjaða verkaskiptingu á heimilum, m.a. við umönnun barna. Í skýrslu Aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna er fjallað um áhrif þeirrar ábyrgðar sem konur bera á umönnun barna. Þar kemur fram að mæður séu líklegri en feður til að hverfa frá launaðri vinnu og sinna umönnunarstörfum meðan börn eru ung. Þá er einnig bent á að í ljósi launamunar kynjanna séu meiri líkur á að mæður séu heima með börnum. Vegna þeirrar ábyrgðar sem konur taka á fjölskyldunni vinna þær í mun meira mæli en karlar í hlutastörfum en það hefur áhrif á tekjur þeirra alla ævi þar sem lægri atvinnupátttaka skilar einnig lægri lífeyrísgreiðslum.

Fjölmargt hefur verið ritað á undanförnum mánuðum í tengslum við hugmyndir sveitarfélaganna um breytingar á fyrirkomulagi leikskóla sem gagnlegt getur verið að kynna sér:

4.8.2023. Jafnréttisstofa. Er ákvarðanataka í leikskólumálum tekin út fyrir kynja- og jafnréttissjónarmiðum?

14.8.2023. BSRB, Leikskólaþáttur Kópavogsþær

22.8.2023. VR, Kjaraskerðing fjölskyldufólks og afturför í jafnréttisbaráttunni – ályktun stjórnar VR vegna breytinga í leikskólumálum í Kópavogi

25.8.2023. Just Consulting, Hugleiðing vikunnar: Hinn hæfilegi leikskóli

Virðingarfyllst,



Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri

Hulda Kristjánsdóttir

From: Ósk Unnarsdóttir <oskunnars@gmail.com>
Sent: mánudagur, 6. nóvember 2023 10:37
To: vegagerdin@vegagerdin.is
Cc: thorunn@floaskoli.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; Anný Ingimarsdóttir; Elísabet Ýr Norðahl; gudrun.hafsteinsdottir@althingi.is; sij@althingi.is; asthildur.loa.thorsdottir@althingi.is; bjorgvin.johannesson@althingi.is; johann.fridrik.fridriksson@althingi.is; asmundurf@althingi.is; hafdis.hronn.hafsteinsdottir@althingi.is; oddnyh@althingi.is; birgirth@althingi.is; elva.dogg.sigurdardottir@althingi.is
Subject: Slæmt ástand malarvega í Flóahreppi
Attachments: Erindi til Vegagerðarinnar frá foreldrafélagi Flóaskóla.pdf

Til Vegagerðarinnar

Meðfylgjandi er bréf sem stjórn foreldrafélags Flóaskóla sendir Vegagerðinni fyrir hönd foreldra/forráðamanna barna í Flóaskóla.

Á aðalfundi félagsins 3. október síðastliðinn var ákveðið að senda rafrænt afrit af bréfinu til skólastjóra Flóaskóla, sveitarstjóra Flóahrepps og allra þingmanna í Suðurkjördæmi.

Bréfið mun einnig verða sent með pósti til Vegagerðarinnar.

Virðingarfyllst,
stjórn foreldrafélags Flóaskóla
Anný, Elísabet og Ósk

**Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær**

Efni: Erindi frá foreldrafélagi Flóaskóla um slæmt ástand malarvega í hreppnum vegna skólaaksturs.

Aðalfundur foreldrafélags Flóaskóla, haldinn þann 3. október síðastliðinn, fóli stjórn félagsins að koma á framfæri við Vegagerðina áhyggjum foreldra af ástandi vega í hreppnum og áhrifa þess á börn í skólaakstri.

- Skólaakstursleiðir liggja um stóran hluta vegakerfis sveitarfélagsins. Eins og staðan er núna eru margir malarvegar mjög holöttir og erfiðir yfirferðar. Má þar sérstaklega nefna veg nr. 311 Önundarholtsvegur, veg nr. 302 Urriðafossvegur og veg nr. 312 Vorsabæjarvegur. Þessir vegir eiga það sameiginlegt að umferð um þá er tölverð og ástand þeirra er sérlega slæmt.

Fyrir börnin okkar sem sitja í skólabíl um 180 daga á ári er þetta alls ekki boðlegt. Fyrir utan óþægindin sem fylgja því að sitja í skólabíl við þessar aðstæður, bætist lengri tími sem börnin þurfa að sitja í skólabíl þar sem keyra þarf hægar vegna aðstæðna á vegunum. Þetta verður til þess að það tekur lengri tíma fyrir skólabílanna að keyra börnin í skólann og heim aftur að loknum skóladegi. Þar af leiðandi verður á stundum ekki hjá því komist að reglugerð um tíma barna í skólabíl sé brotin enda er ómögulegt að keyra holótta veki á sama hraða og jafna eða malbikaða vedi.

Við höfum áhyggjur af velliðan og velferð barnanna okkar í skólabílnum, verði ekkert að gert, og krefjumst tafarlausra úrbóta. Við erum reiðubúin að hitta fulltrúa Vegagerðarinnar og fara yfir málið, sem og að kynna þeim ástand veganna á vettvangi, sé þess óskað.

Svar við erindi þessu má senda á skrifstofu Flóaskóla, Villingaholti, 803 Selfoss.

*Flóahreppur 31. október 2023
Fyrir hönd foreldrafélags Flóaskóla,*

Elísabet Ýr Norðdahl
Elísabet Ýr Norðdahl formaður

Ósk Unnarsdóttir
Ósk Unnarsdóttir ritari

Anný Ingimarsdóttir
Anný Ingimarsdóttir gjaldkeri


Hulda Kristjánsdóttir

From: Erla Ósk Guðjónsdóttir <erla.osk.gudjonsdottir@mrn.is>
Sent: miðvikudagur, 15. nóvember 2023 15:10
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Flóahreppur - Erindi vegna endurnýjunar undanþágu frá skilyrðum um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu
Attachments: Flóahreppur_15.11.2023.pdf

Tilvísun í mál: MRN23110561

Bréf mennta- og barnamálaráðuneytis, dags. 15.11.2023. Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Kv. Erla G.



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

Erla Ósk Guðjónsdóttir, ritari yfirstjórnar / Secretary to the Permanent Secretary
Mennta- og barnamálaráðuneyti / Ministry of Education and Children
Sólvhólgótu 4, 101 Reykjavík, Iceland
(+354) 545 9500
<https://www.mrn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Flóahreppur
Þingborg
801 Selfossi

Dagsetning **15. nóvember 2023**
Málsnúmer MRN23110561

Vegna endurnýjunar undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu

Frá 1. janúar 2023 hafa öll sveitarfélög starfrækt barnaverndarþjónustur skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. lög nr. 107/2021. Lögin kveða á um að í umdæmi hverrar barnaverndarþjónustu skuli vera í það minnsta 6.000 íbúar. Þó er skv. 3. mgr. 11. gr. laganna heimilt að víkja frá skilyrðum um lágmarksíbúafjölda, t.d. vegna landfræðilegra ástæðna, ef næg fagbekking er til staðar innan barnaverndarþjónustu og ef fyrir liggur samningur um umdæmirsráð barnaverndar sem uppfyllir skilyrði 14. gr. barnaverndarlaga. Barnaverndarþjónusta skal þá í það minnsta hafa yfir að ráða sérhæfðu starfsfólk i tveimur stöðugildum og hafa aðgang að félagsráðgjafa, sálfræðingi, lögfræðingi og einum starfsmanni með annars konar uppedismenntun. Samkvæmt 4. mgr. 11. gr. laganna er það ráðherra sem veitir undanþágur vegna lágmarksíbúafjölda.

Sveitarfélagið Flóahreppur, sem hefur haft samvinnu um barnaverndarþjónustu með öðrum sveitarfélögum í skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., óskaði eftir undanþágu frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu skv. 3. mgr. 11. gr. og var undanþága veitt til 15. janúar 2024. Nú þegar fer að líða að því að undanþágan falli úr gildi vill vill mennta- og barnamálaráðuneytið koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri við sveitarfélagið.

Ráðuneytið áréttar það sem fram kom í bréfinu þegar undanþágan var veitt að við endurnýjun undanþága fyrir árið 2024 hyggst ráðuneytið gera ríkari kröfur til þess að sveitarfélög sýni fram á þörf fyrir undanþágu. Ráðuneytið fer því fram á að sveitarfélög sýni fram á að þau hafi árangurslaust leitað eftir samstarfi við önnur sveitarfélög um barnaverndarþjónustu í stærri umdænum. Gera má ráð fyrir því að ef sveitarfélag getur ekki sýnt fram á að þau hafi formlega leitað eftir samstarfi um barnaverndarþjónustu í fjölmennara umdæmi en 6.000 íbúa verði undanþága ekki veitt fyrir árið 2024.

Ef sveitarfélagið hefur í hyggju að sækja um endurnýjaða undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu óskar ráðuneytið eftir því að umsóknir um slíkt berist fyrir 15. desember nk. Auk uppfærðra upplýsinga um nægra fagbekkingu innan barnaverndarþjónustu skal sveitarfélagið leggja fram upplýsingar um formlegar umleitanir sveitarfélagsins til að ná samstarfi um barnaverndarþjónustu á svæði sem telur a.m.k. 6.000 íbúa.


Umsóknareyðublað vegna undanþágu frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu má finna eyðublaðavef Stjórnarráðsins, á slóðinni: <https://minarsidur.stjr.is/>

Vakni einhverjar spurningar hvetjum við ykkur til að hafa samband við Áslaugu Magnúsdóttur, yfirlögfræðing mennta- og barnamálaráðuneytis, á netfangið aslaug.magnusdottir@mrn.is.

F.h. ráðherra
Anna Tryggvadóttir



F.h. ráðherra
Áslaug Magnúsdóttir



Hulda Kristjánsdóttir

From: Skipulagsgáttin <noreply@skipulagsgatt.is>
Sent: miðvikudagur, 15. nóvember 2023 16:51
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Umsagnarbeiðni um mál nr. 0862/2023 í skipulagsgáttinni

Ágæti viðtakandi (Flóahreppur),

Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurhálendis hefur óskað eftir umsögn þinni við eftirfarandi mál í skipulagsgáttinni:

- Svæðisskipulag Suðurhálendis, nr. 0862/2023: Auglýsing tillögu (Nýtt svæðisskipulag)

Smelltu hér til að skoða málið nánar og til að bæta við þinni umsögn. Kynningartími er til 14.1.2024.

Þetta er sjálfvirk tilkynning til allra aðila sem hafa verið skráðir sem umsagnaraðilar að málinu.

Kveðja,

Skipulagsgáttin



Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>
Sent: föstudagur, 10. nóvember 2023 10:43
Subject: Til umsagnar 58. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

10. nóvember 2023
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um bættar vegasamgöngur yfir Hellisheiði, 58. mál.

Pess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en **24. nóvember nk.** á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/154/s/0058.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

6934479



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stíllaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstinsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykks sendanda.
[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>
Sent: föstudagur, 17. nóvember 2023 14:50
Subject: Til umsagnar 468, mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

17. nóvember 2023
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 1. desember nk.** á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:
<https://www.althingi.is/altext/154/s/0509.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni
<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

6934479



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>
Sent: fimmtudagur, 16. nóvember 2023 17:22
Subject: Til umsagnar 478. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

16. nóvember 2023
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál.

Pess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 30. nóvember nk.** á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
Þingskialið er hægt að sækja á vef Alþingis:
<https://www.althingi.is/altext/154/s/0526.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni
<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

6934479



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykks sendanda.
[Fyrirvari/Disclaimer](#)